

# Ofið úr tóminu

Norræni Textílfriæringurinn að Kjarvalsstöðum  
7.-22. janúar

Í skemmtilegum formála að sýningar skrá Norræna textílfriæringar segir Gertrud Sandquist að listin fæðist í afneitun þeirra skilyrða sem henni eru sett: þegar Penelópa var að vefa líkklæðin utanum föður Ódysseifs rakti hún vefinn jafnóðum upp á nóttunni. Með því vildi hún storka örlögunum sem henni voru búin, rífa niður örlagavefinn, afneita oki tímans og sögunnar og storka dauðanum. Í þessari afneitun varð vefnaðurinn að skapandi list.

Þessar vangaveltur eiga vel við um þessa veflistarsýningu sem Norræna listamiðstöðin hefur nú skipulagt í fimmta sinn. Sýningin



MYNDLIST

ÓLAFUR GÍSLASON

er viðburður í íslensku listalífi, og í vali verka á þessa sýningu hafa aðstandendur einmitt lagt áherslu á þessi skilyrði listarinnar: hún vex upp úr neikvæði sínu, skapandi vefnaður er jafnframt afneitun þeirra forsenda sem vefstóllinn setur. Í stað þess að sýna okkur fagmannlega ofin líkklæði sýnir Penelópa okkur einsemd og stærð listamannsins í uppreisn sinni. Aðstandendur þessarar sýningar hafa á sama hátt viljað sýna okkur þessi skilyrði skapandi vefnaðar. Í stað þess að lúta hinni hefðbundnu frásögn og ornamenti í vefnum rís vefurinn upp í andhverfu sinni sem eitthvað framandlegt og nýtt fyrirbæri, hlutir og myndir sem eru ekki lýsandi á nokkurn hátt, heldur frekar eins og lifandi persónur sem við mætum á götu: mismunandi dularfullar og sérstæðar með mismunandi sterkan karakter. Þessar persónur eru jafnframt mismunandi loðnar og ólíkar í efnisgerð sinni, sumar bjartar og léttar sem fis, aðrar þungar og myrkar eins og moldin. Í þessum vefnaði er ekkert skjól frekar en í líkklæði Penelópu, en hann kann að segja okkur þeim mun meira um þau skilyrði sem hann er sprottinn úr, þau örlög sem honum er gert að storka.

Því má halda fram að myndlistin hafi gengið í gegnum söguleg tímamót á síðari hluta tuttugustu aldarinnar: hún hefur risið upp gegn þeim forsendum sem henni hafa verið settar af sögunni. Í stað þess að sýna okkur mynd af heiminum, sem sett er upp innan ákveðins ramma og samkvæmt ákveðnum sögulegum forsendum, þá hefur listaverkið stigið út úr rammanum, storkað hinum sögulegu forsendum og tekið sér stöðu mitt á meðal okkar sem hvert annað sjálfstætt fyrirbæri í umhverfinu. Þetta á ekki bara við um málverkið og höggmyndalistina, heldur líka vefjarlistina: vefurinn verður vitnisburður um eigin tilvist, og forsendurnar til þess að mæta honum eru jafnframt breyttar: við getum ekki skoðað þessi verk út frá hefðbundnum lögmálum listasögunnar því þau duga ekki lengur.


Mælikvarðinn sem við leggjum á gildi þessara verka verður jafn persónulegur og duttlungafullur og sá mælikvarði sem við leggjum á persónur sem við mætum á götunni. Þessi ofnu myndverk eiga sér jafn þverstaðufulla tilvist og við sjálf og gildi þeirra fyrir okkur fer eftir því hvort við finnum okkur í þeirri þverstaðufullu tilvist sem þarna mætir okkur. Um leið eru þessi myndverk til þess fallin að opna augu okkar fyrir nýrri sjónrænni upplifun,

nýjum og óendanlegum möguleikum sjónrænnar reynslu.

Kemur þetta okkur við? Það er undir okkur sjálfum komið. En það er með augað eins og með önnur skilningarvit mannsins: þegar þau hætta að uppgötva nýjan veruleika verða þau blind á umhverfi sitt og eigin tilvist. Þess vegna er það holl æfing fyrir augað að gera sér ferð í Kjarvalsstaði nú um helgina og skoða Norræna textílfriæringinn.



Gertrud Hals: Þrjár súlur. Efni: steypt polyester og textílfraeðir. Háð 220-240 cm.



Sjang og Eng í meðförum Sigurðar og Prastar eru undursamlega skoplegir á köflum og un...

## Bræðurnir

Leikfélag Reykjavíkur í Iðná.  
Sjang Eng eftir Göran Tunström  
Þýðing: Þórarinn Eldjárn  
Leikstjóri: Lárus Ýmir Óskarsson  
Aðstoðarleikstjóri: Jón Tryggvason  
Leikmynd og búningar: Marc Degg-  
eller  
Tónlist: Hilmar Örn Hilmarsson og  
Ríkhartur Pálsson  
Dans og hreyfing: Hlíf Svavarsdóttir  
Leikendur: Sigurður Sigurjónsson,  
Þróstur Leó Gunnarsson, Sigrún  
Edda Björnsdóttir, Guðrún Gísla-  
dóttir, Ragnheiður Arnardóttir, Sig-  
urður Karlsson, Margrét Ólafsdóttir,  
Ása Hlín Svavarsdóttir, Eggert Þor-  
leifsson, Jón Sigurbjörnsson, Krist-  
ján F. Magnús, Jakob Þór Einarsson,  
Jón Tryggvason.

Sagan af Sjang og Eng er heillandi hverjum sem á vill hlýða. Líkt og áhorfendur Barnum sirkusstjóra sem flutti þá austan frá Siam til Ameríku viljum við

skoða þesskonar undur. Manninum er ásköpuð sú forvitni að vilja kynnast einstaklingum sem eru honum gerólikir en þó sömu tegundar, samgróninga, skeggjaðar konur, risa og tvíkynja fólk. Af óttablandinni forvitni hópuðust menn til slíkra sýninga á liðnum öldum. Leiksfýringin er forvitnileg af sömu sökum þótt þeir bræður séu leiknir og skeggið á konunni sé falskt. Við spyrjum hvernig voru bræðurnir og sýningin á að veita okkur svarið.

En þótt Göran Tunström vilji öðrum þræðinum skýra líf tvíburanna og örlög, þá er sá gallinn á verki hans að við kynnumst bræðrunum lítið betur en áhorfendur á skemmtunum þeirra. Framkoma þeirra er skjöldur sem þeir skýla sér á bak við, við kynnumst þeim meira af áliti og

## Kammertónleikur

Á sunnudagskvöld hélt Trío Reykjavíkur, sem er auðvitað hræðilegt nafn, tónleika í Bústaðakirkju. Það skipa Halldór Haraldsson, Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran.

Þau léku trío K. 564 eftir Mozart, þrjú næturljóð eftir Ernest Bloch og trío hans Schuberts op. 99.

Það var reyndar minnst þekktu verkið, næturljóðin, sem var hápunktur tónleikanna. Þetta er mjög falleg músík. Bloch var frábært tónskáld. Hann var fransk-svissneskur gyðingur sem gerðist bandarískur ríkisborgari. Hann heyrir hér sjaldan eða aldrei. Sagt er að Næturlyóðin hafi á sér gyðinglegan blæ eins og sum önnur verk tónskáldsins, sem var þó fjarri því að vera eitthvert „gyðingatónskáld“. Hann var fremur alþjóðlegur í hugsun en þjóðernissinni. Þessi tónlist var ákaflega fallega leikin af Trío Reykjavíkur svo hrein unun var að.

Mozart samdi ein sex píanótrío og af þeim er K. 564 það ómerkilegasta. Enda er það ekki neitt trío heldur píanósónata sem Mozart breytti í trío í snarheitum til að afla sér peninga. Verkið er ósköp ljúft og notalegt en satt að segja gerist list Mozarts ekki öllu léttvægari. Meira gaman hefði

verið að heyrja eitthvert stórbrottnara verk meistarans í þessu formi, úr því Trío Reykjavíkur veitti þeim athygli á annað borð, t.d. meistaraverkin K. 502 og 542. Leikurinn var alveg þokkalegur en náði ekki að heilla mig.

Síðast á efnisskránni var trío op. 99 eftir Schubert. Ég hef aldrei skilið orðtakið „himneska



TÓNLIST

SIGURÐUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

lengd“ hvað það varðar. Það er ekki lengra en erkihertogatrío Beethovens. Þetta verk, sem var aldrei prentað meðan tónskáldið lifði og aðeins einu sinni leikið á lokuðum konsert, er nú eitthvert allra vinsælasta hljóðfæraverk hans. Það jafnast þó ekki á við trío op. 100. En samt er þetta himnesk tónlist. Sagt er að hún sé létt og áhyggjulaus. Að mínum